

Föstudaginn 2. desember 1994.

Nr. 471/1994.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Hallgrími Sigurðssyni

(Sigurður Jónsson hdl.)

Kærumál. Ákærvald. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. nóvember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 28. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 24. nóvember sl. um frávísun á sakarefni því, sem fjallað er um í I. kafla ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 15. september sl., á hendur varnaraðila. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm um öll sakarefni málsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Með ákæru ríkissaksóknara var varnaraðili meðal annars ákærður fyrir brot gegn 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds, sbr. 25. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt 27. gr. laganna getur hann kveðið á um rannsókn máls og mælt fyrir um framkvæmd hennar eða tekið rannsókn eða ákvörðun um rannsókn í sínar hendur. Í lögum nr. 45/1987 eru engin þau ákvæði, er skerða þetta fortakslausa vald ríkissaksóknara. Brast héraðsdómara því heimild til að vísa þessum þætti ákærunnar frá dómi.

Ber samkvæmt þessu að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka til efnismeðferðar og dómsálagningar þann þátt málsins, sem kærður hefur verið til Hæstaréttar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 24. nóvember 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 15. september 1994, á hendur Hallgrími Sigurðssyni, Setbergi 7, Þorlákshöfn, fæddum 23. júní 1949, „fyrir brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og fjárrátt.

— — —“

Við munnlegan flutning málsins hér fyrir dómi var því haldið fram af hálfu verjanda ákærða, að saksókn ákærvalds vegna ætlaðs brots ákærða gegn 30. gr. laga nr. 45/1987 bryti í bága við ákvæði 1. og 2. mgr. 31. gr. sömu laga. Af þessu tilefni tjáðu málflytjendur sig um það álitaefni, hvort slíkir annmarkar væru á saksókn samkvæmt framansögðu, að dómur yrði að svo komnu ekki lagður á sakarefni samkvæmt I. tölulið ákæru, sbr. 3. mgr. 122. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1992, skulu sektir samkvæmt 30. gr. laganna úrskurðaðar af yfirsattanefnd (áður sektarnefnd), nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar samkvæmt 2. mgr. Sú málsgrein hljóðar nú svo: „Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sakbornings, ef hann vill ekki hlíta því, að mál hans verði afgreitt af yfirsattanefnd skv. 1. mgr.“ Breyting sú, er gerð var á 31. gr. laga nr. 45/1987 með 1. gr. laga nr. 46/1992, fól það eitt í sér, að yfirsattanefnd kom í stað sektarnefndar og sá þáttur í afgreiðslu mála, sem fram að gildistöku breytingarlaganna var í höndum ríkisskattstjóra, var falinn skattrannsóknarstjóra.

Það sakarefni, sem hér er til umfjöllunar, var tekið til opinberrar rannsóknar af lögreglu á grundvelli bréfs, sem Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður ritaði sýslumanninum á Selfossi 15. júní 1992 f. h. Kjartans Halldórssonar. Styðst ákæra málsins við gögn, sem fylgdu bréfi lögmannsins, og framburðarskýrslu, sem skráð var eftir ákærða hjá lögreglunni í Árnessýslu 26. ágúst 1994.

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 45/1987 fellir yfirsattanefnd úrskurð um sekt samkvæmt 30. gr. sömu laga, vísi skattrannsóknarstjóri máli þangað til sektarákvörðunar. Honum er enn fremur, svo sem að framan er rakið, til-

tækur sá kostur að vísa máli til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar. Að mati dómsins verður að skýra 1. og 2. mgr. 31. gr. hinna tilvitnuðu laga á þann veg, að brot gegn 30. gr. þeirra sæti því aðeins dómsmeðferð, að skattrannsóknarstjóri kjósi af sjálfsdáðum eða eftir ósk sakbornings að hafa þann hátt á afgreiðslu máls. Til saksóknar komi því ekki, nema fyrir liggja ákvörðun skattfyrvalda samkvæmt framangreindu. Er þessi skýringarkostur nærtækur í ljósi þess, að samræmis verði með þessu móti gætt í afgreiðslu mála og sakborningur þurfi ekki að sæta því, að mál hans gangi til dómsmeðferðar, ef skilyrði eru að mati skattfyrvalda til að ljúka því með öðrum og viðurhlutaminni hætti. Er sérstaklega til þess að líta, hvað þetta varðar, að það brot ákærða, sem hér um ræðir, verður að teljast smávægilegt.

Með því, sem nú hefur verið rakið, telst forræði þess sakarefnis, sem hér er til úrlausnar, enn í höndum skattfyrvalda. Brast því skilyrði til útgáfu ákæru að þessu leyti. Verður af þeim sökum eigi hjá því komist að vísa I. tölulið ákæru frá dómi.

Sakarkostnaðarákvörðun bíður dóms í málinu.

Porgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákæru ríkissaksóknara á hendur ákærða, Hallgrími Sigurðssyni, að því er varðar ætlað brot gegn 1. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, er vísað frá dómi.
